

# HRAUNBÚINN

fréttabréf

1. tbl nóvember 2004

23. árg

## Félagsútilegan 2004 Lukku Láki

Nú um helgina verður haldin ein skemmtilegasta félagsútilega Hraunbúa til margra ára. Í þetta sinn verður hún haldin í Kirkjulækjarkoti í Fljótshlíð. Eins og segir í fyrirsögninni er þemað útilegunar Lukku Láki. Verð er 6000.- krónur en fyrir þá sem hafa borgað árgjald til félagsins borga einungis 5000.- krónur. Mæting er í Hraunbyrgi kl. 19.00 5. nóvember. Heimkoma er áætluð milli 17. og 17.30 á sunnudeginum.

### Var Lukku Láki til?

Þetta er fengið af Vísindavef Háskólans <http://visindavefur.hi.is>

Ekki er að finna neinar vísbendingar í sköpunarsögu Lukku-Láka, sem til dæmis má lesa í Allt um Lukku-Láka, um að hann hafi verið til eða eigi sér ákveðna fyrirmynd. Hins vegar eiga fjölmargar aðrar persónur í Lukku-Lákabókunum sér beinar fyrirmyndir,

annað hvort tek-  
nar beint úr  
sögu villta ves-  
tursins eða  
þekktar ímyndir úr



samtímasögu  
Vesturlanda þegar

bækurnar voru gerðar.

Lukku-Láki er skopstæling á kúrekahetjum teiknimynda og kvikmynda sinnar tíðar. Hann birtist fyrst í franska teiknimyndatímaritinu Spirou árið 1946, en í því blaði voru einnig birtar "raunsæjar" bandarískar kúrekateiknimyndir.

Hraunbúinn nóvember 2004

frammhald á síðu 3

Lukku Láki

# Fyrsta félagsútilegan mín

Einu sinni var lítill strákur sem hét Hannes. Hannes var 10 ára og var í ylfingasveitinni Grábræður í skátafélaginu Hraunbúar. Hannes var ekki ýkja vinsæll enda var hann óskaplega feiminn greyið. Hannes var á sínu fyrsta ári í skátunum. Hann mundi það eins og það gerst hafði í gær þegar pabbi hans spurði hann hvort hann vildi ekki byrja í skátunum, samt spurði pabbi hans hann fyrir tæpum 2 árum. Pabbi hans hafði eimitt verið í skátunum en þó ekki í Hraunbúum. Þegar pabbi hans hafði spurt hann að þessu var hann ekki ýkja hrifinn í fyrstu vegna þess að hann var á fullu að æfa gömlu dansana. Mamma hans hafði einmitt platað hann til að fara að æfa þá vegna

þess að hún var fyrrverandi íslandsmeistari í gömlu dönsunum. En núna var Hannes á leiðinni í sína fyrstu félagsútilegu. Hann sat einn frammarlega í rútnu og var að hlusta á einhvern leiðinlegan gaur sem hét Kári. Þessi Kári var í asnægum kúrekabúning sem maður gæti haldið að afi hans ætti. Kári var að reyna að fræða krakkana um útileguna en það gekk frekar erfiðlega. Hann gat þó komið því til skila að ferðinni væri heitið í Fljótshlíð og þema útilegunnar væri Lukku Láki. Þar sem Hannes sat þarna í myrkrinu og teygði sig niður í Andrésblað í töskuna sína. Þá byrjuðu eitthver krakka ófėti að spila kúrekalög svo það var enginn friður til að lesa. Hannes hafði

tekið með sér 50 Andrésblöð og 13 syrpur og hafði sett sér markmið að klára að lesa þetta allt saman en það leit út fyrir að hann myndi ekki ná að lesa öll blöðin og syrpuarnar um helgina vegna endalausra láta í þessum krökkum. "Kunna þau ekki að bera virðingu fyrir öðrum" hvísalaði Hannes. Þegar rútan loksins kom á staðinn eftir var öllum skipt niður í herbergi. Þegar allir voru komnir í herbergin sín sá Hannes með hverjum hann ætti að vera með í herbergi og hugsaði með sér "ohh, lendi ég á þessum feita, og svo bætir það ekki um skák að ég lendi á hrekkjusvíninu með stóru vörtuna á augabruninni". Þegar þeir voru búnir að henda dótinu sínu inni herbergi fóru þeir á setningu. Að sjálf-

sögðu tók Hannes með sér 10 Andrésblöð og ætlaði núna að vinna upp tímann sem hann hafði misst á leiðinni í rútnu. En þegar setningin byrjaði og Hannes var búinn að koma sér vel fyrir einn úti horni, byrjuðu einhver fjögur fífl að sýna eitthvað húmorslaust myndband þar sem þeir voru eiginlega að niðurlægja sjálfan sig. Allir krakkarnir hlógu að þeim ekki með þeim. Svo bætti það gráu ofan á svart að þeir spiluðu þetta svo ógeðslega hátt að það var enginn lesfriður. "Ég vildi að ég væri bara einn heima að lesa Andrésblöð" hugsaði Hannes. Þegar þessi leiðinlega setning var loksins búin voru allir sendir í kakó, en Hannes ákvað að fara bara að lesa. En þegar hann kom inni herbergið sá hann hvar hrekkjusvínið og feiti gaurinn sem voru með honum í

herbergi voru búnir að setja upp loftslaug og voru með hana fulla af mjólk og sátu þar að borða súkkulaðið sem Hannes hafði tekið með sér og að dífa Andrésblöðunum ofan í mjólkina, svo hlógu þeir eins og villt svín. Hannes hugsaði "þetta getur ekki verið, þetta er draumur, nei ekki draumur þetta er martröð...já martröð, hræðileg martröð...gæti þetta verið eitthvað verra" þá hugsaði hann með sér aftur "já það gæti verið verra...ef þeir væru líka með syrpuarnar" einmitt í því tóku þeir syrpuarnar uppúr sundlauginni og feiti gaurinn sagði með rödd móður Hannesar "Hannes minn vaknaðu...vaknaðu Hannes..þú ert að verða og seinn niður í skátaheimili, hún Guðrún sveitarfóringi var að hringja". Í því vaknaði Hannes kófsveittur. Hann rauk upp og kíkti ofan í töskuna sína þar sem

hann hafði sett Andrésblöðin, og honum til mikillar ánægju voru þau ennþá þar.

*höf: Kári Sigurðsson*

## frammhald

Í Spirou sáust fyrst margar teiknimyndapersónur sem við könnumst við hér á Íslandi,

og má þar nefna Viggó viðutan og önnur skyld fyrirbæri.

Belgíska teiknaranum Morris (Maurice de Bévère) fannst tilvalið að búa til myndna, evrópska útgáfu af kúrekahetjunni. Sjálfur var hann vel kunnugur sögu Bandaríkjanna enda áhugamaður um hana, auk þess sem hann bjó að þeirri reynslu að hafa búið þar í sex ár. Morris skapaði því Lukku-Láka, svalasta og sneggsta kúrekann, "skjótari en skugginn að skjóta".


Taktu blaðið með þér í Félagsútileguna!!!  
Hraunbúinn


# Afpreying!




Taktu blaðið með þér í Félagsútileguna!!!

Jæja nú þarf kötturinn að ná músinni og hjálpaðu henni að komast þangað.






Ritstjórn: Guðvarður Ólafsson, Jakob Guðnason, Ábyrgðarmaður: Guðvarður Ólafsson



Hann Íbbi dalton ræktar broskalla og hefur náð góðum árangri í því. Hann stendur frammi fyrir því vandamáli ða velja á milli þess að hafa broskallana frjálsa eða í búrum. Ef hann ætlar að hafa þá í búrum, einn í hverju, þá getur hann, með því að teikna aðeins tvo ferninga aðskilið þá alla og hver fyrir sig er í einum ramma. Hvernig fer hann að þessu?  
Lausn í næsta blaði.



## Hraunbúasöngurinn

Við Hraunbúar fylkjum oss fánann við,  
og fegurst eflum vor heit.

Að hjálpa, gleðja og leggja lið  
svo lengi' og hver og einn veit.

Gleymum aldrei göfugu stafi að sinna,  
glæðum ávallt eining og bræðralags frið.

Pó vegurinn liggja um hamra og hraun,  
þó heitt sé í veðri eða kalt.

Þá sækjum við áfram í sérhverri raun,  
og sigrum að lokum það allt.

Preytumst aldrei, syngjum og samhuga stöndum,  
Syngjum glaðir, því gleðin er skátanna laun.

*Eiríkur Jóhannesson*

## Bræðralagssöngurinn

Vorn hörundslit og heimalönd  
ei hamla látum því,  
að bræðralag og friðarbönd  
vér boðum heimi í.

∴: Nú saman tökum hönd í hönd  
og heits þess minnumst við,  
að tengja saman lönd við lönd  
og líf vort helga frið. ∴:

*Jón Oddgeir Jónsson*